

ingju þeirra. Fylgjendur hjálpandi og aðstoðandi trúar munu altaf spyrja hvað þeir geti lagt af mörkum til hinnar almennu velferðar; en hið þýðingarmesta gagn, sem þeir vinna hlýtur altafað verða vöxtur góðviljans á meðal mannanna. Eitt af hinnum verstu langvarandi meinum mannanna er það að vinna fyrir daglegu brauði án nokkurs áhuga fyair starfinu, og með illvilja til stofnana þeirra eða manna, sem vinnuna veita. Verk heimsins verður að vinnast; og hin stærsta spurning er, á það að gerast á hamingjusaman eða óhamingjusaman hátt? Mikið af því er gert nú á dögum á óhamingjusaman hátt. Hin nýa trú mun hjálpa afarmikið til að eyða þessum ókjörum af ónauðsynlegu böli, og mun gera það aðallega með því að efla góðvilja á meðal mannanna.

Framhald

BRÉF FRÁ HENRIK IBSEN

R. PÉTURSSON

Á þessu ári hafa verið gefin út í enskri þýðingu nokkur bréf og ræðubrot eftir skáldið Henrik Ibsen. Þýðandinn er Norðmaður Arne Kildal, einn af bókavörðum Alþingissafnsins í Washington, í Bandaríkjunum (Library of Congress). Aðeins 500 eintök eru prentuð af bókinni, er kallast "Speeches and New Letters of Henrik Ibsen." Útgefandi er Richard G. Badger, Boston, 1910.

Ræðurnar eru við ýmis hátiðleg tækifæri, einsog "afhjúpun minnisvarða P. A. Munch's í Rómaborg 12. Júní 1865", árið eftir Prússastríð Dana. Tekur ræðumaður þar ofan í við hina "af-skiftalausu samhyggð" og miður drengilegu, Norðurlanda við Danmörku er setið gátu hjá og horft á þann ójafna leik.

Bréfin eru flest öll frá árum Ibsens erlendis, dagsett í Dresden, Rómaborg, München og Amalfi, til þeirra Jónasar Lie,